

## REGLUGERÐ

### um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótarafllaheimildum í makríl.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun viðbótarafllaheimilda í makríl samkvæmt ákvæði 10. gr. b. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

Heimilt er að úthluta allt að 4.000 lestum af viðbótarafllaheimildum í makríl ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds. Úthluta skal allt að 35 lestum í senn. Eftir 15. september skal úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er gegn greiðslu gjalds.

#### 3. gr.

Úthlutun viðbótarafllaheimilda samkvæmt þessari reglugerð er bundin því skilyrði að skip hafi veitt 80% af áður úthlutuðum viðbótarafllaheimildum.

#### 4. gr.

Óheimilt er að framselja afllaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð. Heimilt er að flytja allt að 10% af úthlutuðum viðbótarafllaheimildum skips yfir á næsta ár.

#### 5. gr.

Fiskistofa annast úthlutun viðbótarafllaheimilda gegn greiðslu gjalds á grundvelli umsókna og skal vikulega úthluta afllaheimildum á grundvelli umsókna sem borist hafa undanfarandi viku.

Ef umsóknir um viðbótarafllaheimildir eru umfram þær afllaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á viðbótarafllaheimildum í makríl skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi gjald ekki verið greitt í síðasta lagi á öðrum virkum degi úthlutunarviku fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

Á heimasíðu Fiskistofu skal vikulega birta upplýsingar um magn makríls sem til ráðstöfunar er.

Skip í A-flokki skulu sækja um sinn hlut af viðbótarafllaheimildum til Fiskistofu fyrir 10. september ár hvert og skal Fiskistofa úthluta því sem eftir er jafnt á milli umsækjenda 16. september ár hvert.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. b laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 762/2018 um ráðstöfun 2.000 tonna viðbótarafllaheimilda í makríl á árinu 2018.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. júní 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Jóhann Guðmundsson.*